

Nd.

61. Frumvörp

til laga um breyting á lögum nr. 62, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

1. grein laganna skal orða svo:

Umdæmi Ísafjarðar nær yfir jarðirnar Eyri með Stakkanesi, Seljalandi og Tungu.

2. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:

Bæjarstjórn stýrir málefnum kaupstaðarins. Í henni eru kjörnir fulltrúar og bæjarfógeti; hann er oddviti og hefir atkvæðisrjett á fundum.

Samþykki meiri hluti greiddra atkvæða með leynilegri atkvæðagreiðslu kjósenda, skal bæjarstjórnin ráða sjerstakan bæjarstjóra í stað bæjarfógeta. Skal hann launaður af bæjarsjóði og eigi ráðinn til lengri tíma en til 6 ára í senn.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929.

Greinargerð.

Ísafjarðarkaupstaður hefir nú eignast $19/24$ hluta jarðarinnar Tungu og þegar tekið helming jarðarinnar í ábúð. Rekur bærinn þar allstórt kúabú, og má telja víst, að allmikið verði þar gert að nýrækt og jarðabótum á næstu árum, auk þess sem ýmsir bæjarmenn fá þar landspildu til ræktunar. Verður því að teljast óhjákvæmilegt, að jörðin verði lögð undir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins.

Samkvæmt gildandi lögum þarf $2/5$ greiddra atkvæða til þess, að bæjarstjóra megi setja í stað bæjarfógeta; einnig er gert ráð fyrir, að hann skuli kosinn af bæjarstjórn.

Þrem snum hefir meiri hluti atkvæða við almenna atkvæðagreiðslu á Ísafirði galdið því jákvæði, að valinn skyldi sjerstakur bæjarstjóri, en atkvæðamunur hefir ekki orðið svo mikill sem lögin heimta. Stjórn og rekstur bæjarmál-efnanna er nú orðið svo umfangsmikið starf, að óhæfilegt er að ætla bæjarfógetanum að rækja það sem aukastarf, enda margsinnis sýnt, að meiri hluti kjósenda er þeirrar skoðunar, eins og að ofan segir. Ákvæðið um, að bæjarstjóri skuli kosinn af bæjarstjórn, er í samræmi við það, sem tíðkast hjá flestum kaupstöðum utan Reykjavíkur, enda í alla staði eðlilegast.